

8. gr.

Breyta má skipulagsskrá þessari ef báðir stjórnarmenn samþykkja. Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til rannsóknarstarfsemi í lækni­fræðum samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar.

Leita skal samþykkis dómsmálaráðuneytis á skipulagsskrá þessari og breytingum sem á henni kunna að verða gerðar.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. júlí 1998.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Fanney Óskarsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Húsfélag Hvanneyrar.

1. gr.

Bændaskólinn á Hvanneyri stofnar hér með sjálfseignarstofnun til að standa að rekstri og byggingu íbúðarhúsa fyrir kennara og aðra starfsmenn Bændaskólans á Hvanneyri.

Stofnunin heitir Húsfélag Hvanneyrar. Heimili hennar og varnarþing er að Hvanneyri í Andakílshreppi, Borgarfjarðarsýslu.

2. gr.

Markmið stofnunarinnar er að byggja og/eða reka íbúðarhúsnæði fyrir kennara og aðra starfsmenn Bændaskólans á Hvanneyri. Markmiðum sínum hyggst stofnunin ná með því að byggja, selja og/eða leigja íbúðarhúsnæði á Hvanneyri.

Kennarar og aðrir starfsmenn við Bændaskólann á Hvanneyri, sem hafa fastan ráðningarsamning, skulu hafa rétt til að fá úthlutað húsnæði á vegum stofnunarinnar, annað hvort til leigu eða kaups.

3. gr.

Stjórn Húsfélags Hvanneyrar er skipuð þremur mönnum. Skólastjóri Bændaskólans á Hvanneyri skal vera formaður stjórnar án tilnefningar, en fastráðnir starfsmenn Bændaskólans á Hvanneyri skulu tilnefna einn fulltrúa. Þriðji fulltrúinn skal tilnefndur af skólanefnd Bændaskólans á Hvanneyri.

Fulltrúar sem tilnefndir eru skulu skipaðir til þriggja ára í senn. Bændaskólinn á Hvanneyri og starfsmenn tilnefna einn mann til vara hver. Varamaður skólastjóra tekur sæti sem formaður stjórnar, þá er hann er kallaður til.

Verði stofnunin án fullskipaðrar stjórnar á einhverjum tíma, eða tilnefning fæst ekki til stjórnarstarfa skal Bændaskólinn á Hvanneyri tilnefna nýja stjórnarmenn til að fylla í skarðið.

4. gr.

Stjórnin hefur umsjón með fjárhag og rekstri stofnunarinnar og ber ábyrgð á daglegum rekstri hennar.

Stjórnin setur reglur um réttindi og skyldur rétthafa íbúðarhúsnæðis og gerir samning við hvern kaupanda/leigjanda þar sem fram koma gagnkvæm réttindi og skyldur.

Stjórnin setur reglur um leigukjör og reglur um verð íbúðarhúsnæðis og greiðslu- og lánakjör.

Stjórnin hefur ekki heimild til meiriháttar lántöku nema með samþykki landbúnaðarráðherra.

5. gr.

Stjórnin semur ársreikning stofnunarinnar og skal hann endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda. Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Reikningar skulu sendast Ríkisendurskoðun og landbúnaðarráðherra þegar þeir hafa hlotið samþykki stjórnar.

Stjórnin ákveður þóknun stjórnarmanna fyrir störf þeirra í lok hvers reikningsárs.

6. gr.

Bundið stofnfé Húsfélags Hvanneyrar er kr. 500.000 miðað við neysluverðsvísitölu sem gildir fyrir janúar 1998. Annað stofnfé til rekstrar og uppbyggingar er kr. 2.500.000. Landbúnaðarráðuneytið leggur stofnuninni þetta stofnframlag til og greiðir það á 5 árum frá og með staðfestingu skipulagsskrár þessarar.

Eignum þessum og stofnframlagi, svo og nýjum eignum sem stofnunin byggir eða eignast með öðrum hætti, er eingöngu heimilt að ráðstafa til að efla Bændaskólann á Hvanneyri og í samræmi við 2. gr. skipulagsskrár þessarar.

Óheimilt er að selja eða veðsetja eignir stofnunarinnar án samþykkis dómsmálaráðherra, sbr. 5. gr. laga nr. 19/1988.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með eignum sínum. Bændaskólinn á Hvanneyri ber engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna sjálfseignarstofnunarinnar.

7. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru:

- a) Leigutekjur af eignum.
- b) Sölutekjur af eignum.
- c) Frjáls framlög og gjafir.
- d) Vextir af stofnfé og öðru fé.
- e) Aðrar tekjur, sem stofnuninni kann að áskotnast.

8. gr.

Stjórn stofnunarinnar getur með samhljóða samþykkt sinni breytt skipulagsskrá þessari, eða ákveðið að leggja stofnunina niður, enda sé tillaga þar um sérstaklega kynnt í fundarboði.

Verði ákveðið að leggja stofnunina niður skulu eignir hennar renna til Bændaskólans á Hvanneyri.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. júlí 1998.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Fanney Óskarsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Lindar hf. um Jean Pierre Jacquillat.

Á stjórnarfundum 26. maí 1998 voru samþykktar breytingar á skipulagsskrá nr. 441/1987. Skipulagsskrá Minningarsjóðs Lindar hf. um Jean Pierre Jacquillat er því nú svohljóðandi:

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Lindar hf. um J. P. Jacquillat. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun.

2. gr.

Heimili sjóðsins er í Reykjavík.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja ungt tónlistarfólk, sem getið hefur sér góðs orðstírs, til að afla sér meiri menntunar og reynslu á sínu sviði.

4. gr.

Nettótekjum sjóðsins skal árlega varið í þessum tilgangi samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins var framlag Lindar hf., að fjárhæð kr. 500.000, sem var aukið með árlegu framlagi frá Lind hf., næstu 4 ár á eftir um upphæð sem var ekki lægri en upphaflegt framlag. Stofnfé er nú kr. 3.000.000. Stofnfé sjóðsins má eigi skerða að raungildi. Sjóðurinn getur leitað eftir gjafafé og öðrum framlögum frá utanaðkomandi aðilum. Sjóðinn ber að ávaxta með tryggum hætti. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárvörslunni.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af stofnfé og öðrum eignum sem sjóðnum kann að áskotnast. Gjafafé skal leggja við stofnfé og má því eigi skerða að raungildi. Gjafafé ávaxtast með sama hætti og stofnfé. Stjórnunarkostnaður greiðist af tekjum sjóðsins.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 6 menn. Ekkja Jean Pierre Jacquillat, frú Cecile Jacquillat skal eiga sæti í stjórn svo lengi sem hún óskar. Stjórn sjóðsins tilnefnir menn í stjórn eftir því sem með þarf til þess að fullri tölu stjórnarmanna sé náð. Stjórnin skiptir með sér verkum. Einfaldur meirihluti ræður ákvörðun sjóðsstjórnar. Sjóðsstjórn tekur ekki laun.